

**SKÓGARVÖRÐURINN Á AUSTURLANDI**

**STARFSSKÝRSLA  
1999**



**SKÓGRÆKT  
RÍKISINS**

Efnisyfirlit	Bls.	Efnisyfirlit	Bls.
<b>Töfluskrá</b> _____	<b>2</b>	2.8.3 Skriðuklaustur _____	13
<b>1. Almennt</b> _____	<b>3</b>	2.8.4 Arnaldsstaðir _____	13
1.1 Veðurfar - veðurmælingar _____	3	2.8.5 Eiðar og Gröf _____	13
1.2 Starfsfólk ársins _____	4	2.8.6 Heydalir _____	13
1.3 Mötuneyti _____	4	2.8.7 Múlastekkur _____	13
<b>2. Skógur og skóggræðsla</b> _____	<b>5</b>	<b>3. Gróðrarstöð</b> _____	<b>13</b>
2.1 Vöxtur og þrif trjágróðurs _____	5	3.1 Fræplöntur _____	13
2.1.1 Vöxtur - Fræfall _____	5	3.2 Afhending skógarplantna _____	15
2.1.2 Skaðar _____	5	3.3 Nýframkvæmdir og viðhald _____	17
2.1.3 Fuglar og spendýr _____	5	3.4 Ýmislegt í gróðrarstöð _____	17
2.2 Girðingar _____	5	<b>4. Húseignir</b> _____	<b>18</b>
2.2.1 Viðhald girðinga _____	5	4.1 Viðhald _____	18
2.2.2 Nýgirðingar _____	5	<b>5. Vélar og verkfæri</b> _____	<b>18</b>
2.2.3 Viðhald vega og stíga _____	5	5.1 Bifreiðar _____	18
2.2.4 Smölun búfjár _____	6	5.2 Dráttarvélar _____	19
2.3 Skógarhögg _____	6	5.3 Önnur tæki _____	19
2.3.1 Grisjun _____	6	5.4 Vélaverkstæði _____	19
2.3.2 Viðarvinnsla _____	7	<b>6. Útivistarsvæði</b> _____	<b>20</b>
2.4 Hnausplöntur úr skógi _____	8	6.1 Ferðafólk _____	20
2.4.1 Afhentar hnausplöntur _____	8	6.2 Atlavík _____	20
2.5 Jólatré _____	9	<b>7. Önnur verkefni</b> _____	<b>21</b>
2.5.1 Sala jólatrjáa _____	9	7.1 Fundir, námskeið og	
2.5.2 Ræktun og hirðing jólatrjáa _____	10	erlendar heimsóknir _____	21
2.6 Hirðing ungsóga _____	10	7.2 Opnun skógarins _____	21
2.6.1 Kjarrhreinsun _____	10	7.3 Trjásafn _____	21
2.7 Gróðursetningar _____	10	7.4 Tilraunir _____	22
2.7.1 Gróðursetning			
Hallormsstað 1999 _____	10		
2.8 Önnur lönd _____	11		
2.8.1 Höfði _____	11		
2.8.2 Jórvík _____	13		

---

## Töfluskrá

---

	Bls.
Tafla 1 Meðalhiti mánaða árin 1997, 1998, 1999 _____	3
Tafla 2 Meðalhiti mánaða maí - sept. _____	4
Tafla 3 Grisjun skóga 1999 _____	6
Tafla 4 Afhentur viður 1999 _____	7
Tafla 5 Afhending girðingastaura 1999 _____	7
Tafla 6 Sala á arinvið 1986 til 1999 _____	7
Tafla 7 Afhentur viður í tonnum _____	8
Tafla 8 Afhentar hnausplöntur 1996 - 1999 _____	8
Tafla 9 Sala á jólatrjám 1999 _____	9
Tafla 10 Sala á jólagreinum 1999 _____	9
Tafla 11 Kjarsögun 1999 _____	10
Tafla 12 Gróðursetning heimalönd Hallormsstað 1999 _____	11
Tafla 13 Gróðursetning Höfða 1999 _____	12
Tafla 14 Sáning og dreifplöntur 1999 _____	14
Tafla 15 Sáning til trjásafnsplantna 1999 _____	15
Tafla 16 Afhentar skógarplöntur 1999 _____	16
Tafla 17 Áætluð afhending skógarplantna 2000 _____	17
Tafla 18 Gistinætur 1995 til 1999 _____	20
Tafla 19 Gisting eftir mánuðum 1994 til 1999 _____	20

# Starfsskýrsla Skógræktar ríkisins Austurlandi

## 1. Almennt


### 1.1 Veðurfar - veðurmælingar

Veðurmælingar á Hallormsstað 1999

Lofthiti	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Meðalhiti mán.	-1,5	-1,8	-3,2	0,6	6,3	9,7	11,9	11,3	7,5	4,5	1,5	-2,8
Hæsta hitastig	11,4	9,8	5,6	12,4	15,7	23,6	26,8	23,4	17,5	14,3	17,0	9,1
Lægsta hitastig	-12,1	-14,3	-13,8	-10,7	-2,7	0,3	0,0	1,9	-3,0	-7,4	-11,4	-14,7
Meðalhiti 29 ára	-1,6	-1,1	-0,8	1,7	5,0	8,8	10,5	9,8	6,5	3,6	0,2	-1,3

Meðalhiti Maí - Sept.	9,34 °C
Meðalhiti Júní - Sept.	10,1 °C
Meðalhiti allt árið	3,67 °C
Meðalhiti 29 ára	3,44 °C

Meðalhiti mánaða árin 1997,1998,1999




Tafla 1 Meðalhiti mánaða árin 1997, 1998, 1999

**Samantekt á hitafari (1. maí til 30. september = 153 dagar) 1998, 1999.****Lofthiti**

	1998	1999
Fjöldi sólarhringa þar sem lágmarkshiti er jafn eða minni en 2 °C		25
Fjöldi sólarhringa þar sem sólarhringsmeðalhiti er jafn eða yfir 5 °C	128	138
Fjöldi sólarhringa þar sem sólarhringsmeðalhiti er jafn eða yfir 15 °C	1	8
Fjöldi sólarhringa þar sem hámarkshiti er jafn eða yfir 15 °C	33	56
Fjöldi sólarhringa þar sem hámarkshiti er jafn eða yfir 20 °C		15

**Hitasumma**

Fjöldi sólarhringa þar sem hitasumma (>5°C) sólarhrings er yfir 5°C	40	61
Hitasumma (>5°C)	495	703



Tafla 2 Meðalhiti mánaða maí - sept.

**1.2 Starfsfólk ársins**

Á launaskrá voru skráðir 32 starfsmenn hjá deildinni. Heildar vinnustundir voru 29.286 sem er 3.414 stundum færri en árið áður. Fyrstu sumarstarfsmenn byrjuðu 17. maí. Danskur skógræktarnemi Lasse Alstrup starfaði hér frá byrjun júní fram í september. Einar Axelsson fékk leyfi frá störfum í byrjun júlí til áramóta. Hin árlega Jónsmessuhátíð skógarmanna á Hallormsstað var haldin 25. júní.

**1.3 Mötuneyti**

Rekstur mötuneytis hófst 17. maí og lauk 20. ágúst. Ráðskona fyrsta hálfu mánuðinn var Sigrún E. Ólafsdóttir, Brekkugerði. Við starfinu tók Árni K. Gissurarson og var yfir sumarið. Síðustu vikuna matreiddi Sigríður Björnssdóttir, Strönd. Fæðisdagar voru alls 780.

## 2. Skógur og skóggræðsla

### 2.1 Vöxtur og þrif trjágróðurs

#### 2.1.1 Vöxtur - Fræfall

Birkiskógurinn var að mestu laufgaður 9. júní. Vöxtur var í meðallagi í flestum trjátegundum, góður vöxtur var í lerki. Ekki var safnað fræi í ár. Lítið fræ var á birki og þeim tegundum sem safnað hefur verið á síðustu árum. Fræfall á lindifuru í Mörkinni var með minnsta móti.

#### 2.1.2 Skaðar

Í nokkur ár hefur borið á skemmdum og jafnvel dauða á einstöku trjám af fjallaþin. Sýni voru send Guðríði G. Eyjólfsdóttur sveppafræðing hjá Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri. Sjúkdómur þessi reyndist vera holsveppurinn *Aposttrasseria balsamicola* sem er vankynja stig asksveppsins *Phacidium balsamicola*. Sveppnum hefur verið gefið nafnið Pinátusveppur og er barkarsjúkdómur (sjá Ársrit Skógarf. Íslands 1999).

Ekki varð vart við sitkalús á Héraði. Guðmundur Halldórsson skordýrafræðingur á Mógilsá kannaði útbreiðslu lúsarinnar á Austurlandi. Eitthvað var um lús á Reyðarfirði, Stöðvarfirði og Djúpavogi. Á öðrum stöðum fannst ekkert. Töluvert bar á nálafalli síðsumars í lerki/Plesetsk í Mjóanesi. Ekki er búið að greina sveppinn sem veldur þessu.

#### 2.1.3 Fuglar og spendýr

Fuglalíf var fjölskrúðugt, Glókollur hefur sést hér á Hallormsstað allt árið frá árinu 1996, mest sex til átta fuglar saman í hóp. Brandugla hefur verið á sveimi í Mjóanesi. Þann 18. maí voru 4 fashanar (*Phasianus colchius*) settir út í netbúr ásamt fódri í Lýsishól. Þremur dögum síðar var þeim sleppt í skóginn. Fuglarnir komu úr ræktun Skúla Magnússonar á Hafrafelli í Fellum. Tilgangur verkefnisins var að athuga hvort fuglategund þessi gæti lifað af í íslensku skógarumhverfi. Lögformlegt leyfi var veitt af Landbúnaðarráðuneytinu. Fylgst var með fuglunum reglulega en ekkert hefur þó sést til fuglana síðan í september. Töluvert bar á skemmdum á birki á Héraði, fyrst og fremst á brumi. Mest bar á skemmdum í Skriðdal, og laufgaðist skógurinn þar seint og illa. Líklegasta skýringin er að rjúpan hafi valdið skemmdunum. (Helgi Hallgrímsson). Engin hreindýr sáust innan girðingar Skógræktar ríkisins á Héraði.

### 2.2 Girðingar

#### 2.2.1 Viðhald girðinga

Farið með girðingum um miðjan júní. Einungis minniháttar viðhald framkvæmt.

#### 2.2.2 Nýgirðingar

Engar nýjar girðingar hjá deildinni þetta árið.

#### 2.2.3 Viðhald vega og stíga

Sagað frá veginum upp í Stórhól upp frá Þjóðvegi. Keyrt í og styrktur vegur frá Þjóðvegi upp í Stórhól. Malborið í veg frá Fálkakletti upp í Lýsishól. Styrktur vegur upp Partinn utan verðan upp á móts við Mylluhvamm.

### 2.2.4 Smölun búfjár

Lögð voru til tvö dagsverk í fyrstu göngu 28. september og eitt dagsverk í aðra göngu á Gilsárdal, auk smölunar á heimalandi.

## 2.3 Skógarhögg

### 2.3.1 Grisjun

Grisjun hófst í endaðan janúar í svæði á milli Króklækjar og rauðgrenis (1972), frá Þjóðvegi niður að gönguleið. Helstu tegundir sem grisjaðar voru hvítgreni, rauðgreni, svartgreni og birki. Næst var grisjað og kjarrhreinsað greni í reit niður af Þrastalundi. Grisjaður birkiskermur yfir fjallapin utan við Markarafleggjara.

Grisjað birki utan við ysta tjaldtún neðan Þjóðvegjar. Kjarrhreinsað og felldur birkiskermur í rauðgreni utan við Atlavíkurlæk ofan Selvegjar. Í apríl var byrjað að fella lerki (Altai) utan við Freyshólalæk neðan Þjóðvegjar vegna samnorrennar fjallapinstilraunar u.þ.b 1,2 hektari. Felld var allt nema fjórða hver röð sem var grisjuð. Í ágúst var lauffelldur birkiskermur ofan af fjallapöllum upp með Skriðdalsvegi.

Grisjaður (lauffelldur) birkiskermur í ýmsum tegundum meðfram vegi í Kolakinn. Grisjaður lindifurureitur með ýmsum kvæmum ofan við Ormsstaðagrund. Haldið áfram í september að grisja lerki (altai) utan og neðan við þintilraun við Freyshólalæk.

Þrír starfsmenn fóru 18. október suður í Örafí til að grisja. Byrjað að grisja sitkagreni frá 1950 og alaskaösp (1950) í Lambhaga við Skaftafell. Síðan var grisjaður minningarlundur Ungmennafélags Örafinga í Svínafelli. Sitkagreni frá 1951, lerki frá 1951, skógarfura frá 1951 og endað í sitkagreni frá 1957 í Fauskagili við bæinn Svínafell ll.

Tegund.	Kvæmi.	Staður.	Reitur.	Ha.
Ýmsar tegundir		I. Króklæk n. Þjóðv.	700-2,6,7,8,9,10	1,90
Greni		Niður af Þrastalundi	601-?	0,60
Birki		U. Markarafleggjara	601-?	0,50
Birki		U. ysta tjaldtún	500-	2,20
Birki		U. Atlav.læk o. Selv.	717-1	2,24
Lerki	Altai	U. Freyshólalæk	200-1	2,70
Birki		Meðfram Skriðdalsvegi	511-1,3	0,62
Birki		Kolakinn	309-1,2,4,6,7,8,9,10	4,30
Lindifura	3 kvæmi	Upp af Ormsst.grund	408-8	0,10
Lerki		Upp af Ormsst.grund	408-9	0,20
			<b>Alls</b>	<b>15,36</b>

Tafla 3 Grisjun skóga 1999


## 2.3.2 Viðarvinnsla.

	Ein.	Magn
Lerkiborðviður	m <sup>3</sup>	5,6
Birkiborðviður	m <sup>3</sup>	1,5
Borðviður, ýmsar tegundir	m <sup>3</sup>	0,8
Birkibolviður, óbirt	m <sup>3</sup>	1,3
Birkibolviður, birt	m <sup>3</sup>	4,0
Lerkibolviður, óbirt	m <sup>3</sup>	7,2
Bolviður, ýmsar tegundir	m <sup>3</sup>	1,7
Viðarkurl	m <sup>3</sup>	184
Lerkibök	m	511
Arinviður (20kg)	pk	1826
Arinviður (10kg)	pk	1831
Spænar	pk	41

Tafla 4 Afhentur viður 1999


	Ein.	Selt	Til deilda	Alls
Girðingast. fúavarðir	stk	702	40	742
Girðingast. 2 Fl.	"	426	42	468
Girðingast. greni ófúavarðir	"	305		305
Girðingastyttur	"	25		25
Trjástoðir	"	25		25
<b>Alls:</b>	<b>stk</b>	<b>1483</b>	<b>82</b>	<b>1565</b>

Tafla 5 Afhending girðingastaura 1999



Tafla 6 Sala á arinvið 1986 til 1999





Tafla 7 Afhentur viður í tonnum

## 2.4 Hnausplöntur úr skógi

### 2.4.1 Afhentar hnausplöntur

Tegund.	Stærð	Afhent 1996	Afhent 1997	Afhent 1998	Afhent 1999
Bergfura	080 - 160 cm	77	26	35	49
Blágreni	060 - 200 cm	93	38	12	41
Birki, óflokkað	100 - 200 cm	370	165	78	45
Birki úr skógi	180 - 200 cm	0	43	4	9*
Broddfura	080 - 160 cm	0	28	13	27
Blæösp	080 - 120 cm	15	0	10	0
Sitkabastarður	100 - 160 cm	118	21	22	15
Fjallapínur	100 - 160 cm	27	11	8	7
Lindifura	060 - 160 cm	11	7	3	18
Lerki	060 - 180 cm	149	168	54	168
Stafafura	060 - 160 cm	124	66	66	95
Ýmsar aðrar tegundir		15	12	8	56**
<b>Alls:</b>		<b>999</b>	<b>585</b>	<b>313</b>	<b>530</b>

\* 250 - 300 cm \*\* Sitkagreni

Tafla 8 Afhentar hnausplöntur 1996 - 1999

## 2.5 Jólatré

### 2.5.1 Sala jólatrjáa

Byrjað að fella stóru trén um miðjan nóvember, tré fyrir KHB á Egilsstöðum var fellt 19. nóvember í 17. stiga hita og reyndist tréð 11,2 m. á hæð. Tréð var rauðgreni (Trysil) gróðursett í Lýsishól 1956. Tveir starfsmenn frá Vöglum komu 23. nóv. merktu og söguðu 200 rauðgreni. Af þeim fóru 150 stk. til Skógræktarfélags Eyfirðinga, 40 tré til Dalvíkur og afgangurinn í Vagli. Höggvin voru jólatré í Jórvík, 88 rauðgreni og 86 blágreni. Töluverður snjór var seinni hluta desember mánaðar sem gerði trjátöku erfiða. Salan í fjórðungnum var svipuð og síðastliðin ár. Síberíuþinur var settur í almenna sölu í fyrsta skipti á Egilsstöðum og seldust þau vel. Þinurinn var gróðursettur 1987 undir lerkiskerm í Hafursárlandi.

Stærðarflokkar	Trjátægundir					Alls
	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallaþinur	Síberíuþinur	
0.70-1.00 m	41	4	14			59
1.00-1.25 m	143	34	59	1	12	249
1.26-1.50 m	177	68	122	6	8	381
1.51-1.75 m	145	56	99	10	1	311
1.76-2.00 m	29	29	38	15		111
2.01-2.50 m	10	1	2	8		21
2.51-3.00 m	8	1		1		10
3-4 m	6		1	3		10
4-5 m	10			1		11
5-6 m	5			1		6
6-7 m	4					4
7-8 m	3					3
8-9 m	3					3
9-10 m	2					2
10-11 m	2					2
12-13 m	1					1
1/2Útitré (veggtré)	29					29
<b>Alls:</b>	<b>618</b>	<b>193</b>	<b>335</b>	<b>46</b>	<b>21</b>	<b>1213</b>

Tafla 9 Sala á jólatrjám 1999

Tegund	Kg.
Fjallaþinur	254
Broddfura	73
Stafafura	84
Ýmsar teg.	54
<b>Alls:</b>	<b>465</b>

Tafla 10 Sala á jólagreinum 1999

## 2.5.2 Ræktun og hirðing jólatrjáa

Um miðjan júní voru elstu jólatrjáareitir í Mörkinni úðaðir vegna köngulings, notað var Keltan 2gr./líter. Slegið gras á milli raða í efsta reit. Elstu reitir formklipptir og snyrtir toppar í byrjun ágúst. Úðað aftur með Keltan yfir elstu reiti 4. ágúst. Ib N. Nilsen skógarvörður frá Danmörku leiðbeindi starfsmönnum um formklippingu jólatrjáa með sveðju.

## 2.6 Hirðing ungskóga

### 2.6.1 Kjarrhreinsun

Farið með kjarsög á undan grisjun, í greninu neðan Þjóðvegur (niður af Þrastalundi). Kjarrhreinsað úr rauðgreni utan við Atlavíkurlæk (ofan við Selveg). Í júní var farið með kjarsög í kínagrenireitinn í Borgargerði, grenið og birkiteinungurinn sagaður niður. Trjánur safnað í rastir og gróðursett á milli þeirra. Í endaðan júlí var byrjað að kjarrhreinsa í blágreni í Út-Hólum og farið yfir allar gróðursetningar á svæðinu. Þá var kjarrhreinsað í Kolakinn fyrir lauffellinguna. Rauðgrenitilraunin í Partinum var uppkvistuð í apríllok.

Tímabil	Tegund	Staður	Reitur/deilireitur	Stærð ha.
23.02-26.02	Ýmsar greniteg.	N. Þrastalund	601-??	0,60
22.03-25.03	Rauðgreni	U.Atlavl. o. Selv.	717-1	2,24
11.06-14.06	Kínagreni	Borgargerði	305-6	0,60
23.07-11.08	Blágreni	Út-Hólar	503-2,3	1,88
23.07-11.08	Blágreni	Út-Hólar	507-1	2,18
23.07-11.08	Blágreni	Út-Hólar	504-8	2,50
12.08-13.08	Þöll	Upp m.Skriðd.v.	511-1,3	0,62
23.08-30.08	Ýmsar greniteg.	Kolakinn	309-1,2,4,6,7,8,9,10	4,30
			<b>Alls:</b>	<b>14,92</b>

Tafla 11 Kjarsögun 1999

## 2.7 Gróðursetningar

### 2.7.1 Gróðursetning Hallormsstað 1999

Byrjað að gróðursetja 28. júní utan við Borgargerði í reit þar sem var kínagreni áður. Einnig var bætt inni rauðgreni undir raflínu og í skápa á Höfðanum. Byrjað 1. júlí að gróðursetja rauðgreni ofan við tjörn, utan við Hafursárbæinn. Síðan var plantað stafafuru og bergfuru inn í eyður og jaðra á nokkrum stöðum inn eftir Hrauninum á Hafursá. Fjallapínur var gróðursettur í Flataskógi við vegamót út í Kolakinn. Gróðursetningu lauk 12. júlí.

## Gróðursetning Hallormsstað 1999

Tegund	Kvæmi	Aldur	Fræ-númer	Pl. gerð	Reita-númer		Athugas.
Rauðgreni	Hemnes	2/0	950007	fp-40	211	2920	Innan og o. tjörn
Rauðgreni	Drevja	2/0	950002	fp-35	211	1640	Innan og o. tjörn
Rauðgreni	Drevja	2/0	950002	fp-35	211	1750	Utan við tjörn
Stafafura	Tutshi Lake	2/0	930003	fp-40	207	1280	Efri hluti
Stafafura	Tutshi Lake	2/0	930003	fp-40	207	4200	Neðri hluti
Bergfura	Hanstholm	2/0	920003	fp-40	211	1560	Á mörkum v.208
Fjallapínur	Arapho	4/0	940007	fp-35	413-9	793	
Stafafura	Tutshi Lake	2/0	930003	fp-40	413-9	40	Reitaskil
Fjallapínur	Arapho	4/0	940007	fp-24	411-4	1318	
Rauðgreni	Hemnes	2/0	950007	fp-40	305-6	2200	Áður kínagreni
Rauðgreni	Hemnes	2/0	950007	fp-40	301,302	280	Undir raflínu
Rauðgreni	Hemnes	2/0	950007	fp-40	302-7	600	Skápar
					<b>Samtals</b>	<b>18.581</b>	

Tafla 12 Gróðursetning heimalönd Hallormsstað 1999

## 2.8 Önnur lönd

## 2.8.1 Höfði

Hluti af túninu neðan þjóðveggar plægður vegna tilrauna og jólatrjáræktunar.

Þróstur Eysteinnsson og fjölskylda gróðursettu ýmsar tegundir á Höfða ( sjá töflu ). Einnig báru þau áburð á ýmsar unglöntur.

## Gróðursetning Höfða 1999

Tegund	Kvæmi	Aldur	Fræ-númer	Pl. gerð	Reita-númer	Alls	Athugasemdir
Blágreni	Rio Grande				124,127	1296	
Blágreni	Blue Joint				132,138	1300	
Sitkagreni	Tumastaðir				124	670	
Sitkagreni	(Tum+Tar)				Tún	230	Tún n. g. bæ
Mýralerki	Delta Junation				123,124	2530	
Rússalerki	Tilraunir				123,124	5847	
Japans síberíulerki	Langtorna				124	120	
Risalerki	Tyner Lake		980027	fp-67	124	120	
Evrópulerki	Fuldera				124	40	
Pinus heldreichii	Ólympusfjall Grikklandi				132	50	
Sitkaelri	Pt.McKenzie		980001	fp-40	120,129,94(a,b,c)	390	*við strönd
					<b>Samtals</b>	<b>12.593</b>	

Tafla 13 Gróðursetning Höfða 1999

### 2.8.2 Jórvík

Farið með girðingu um miðjan júní og reyndist hún í þokkalegu ástandi að öðru leiti en því að í gili ofan til var hún illa farin vegna snjóa. Girðingin var þá hengd upp og síðan lagfærð betur í ágúst byrjun.

Grenitilraun utan við bæinn var kjarrhreinsuð og tekin út af starfsmönnum Mógilsár. Lögð voru tvö dagsverk í löggöngu og heimaland Jórvíkur.

### 2.8.3 Skriðuklaustur

Tvö dagsverk í smölun svæðisins. Farið með girðingunni og sjónmetið ástand hennar. Að ofanverðu hafa horn- og spanstaurar gengið upp og stög gefið sig og liggur girðingin þar niðri á löngum köflum. Að öðru leiti er ástand girðingarinnar nokkuð gott.

### 2.8.4 Arnaldsstaðir

Engar framkvæmdir.

### 2.8.5 Eiðar og Gröf

Farið með girðingunni í lok júní. Lítið þurfti að lagfæra.

Hópur flóttamanna frá Bosnía sem dvaldist á Eiðum um skeið, tók að sér að snyrta tré og lagfæra göngustíga við Húsatjörn undir stjórn Þorsteins Gústafssonar.

### 2.8.6 Heydalir

Engar framkvæmdir.

### 2.8.7 Múlastekkur

Bændur í Birkihlíð sáu um að fara með girðingunni. Annars ekkert framkvæmt á svæðinu.

## 3. Gróðrarstöð

### 3.1 Fræplöntur

Sáð og prikklað í 16.425 bakka (783.860 göt). Framleiðsla dróst saman um 30. % á árinu miðað við 1998.

**Gróðurhús I.** Elrið var flutt úr húsinu 5. mars og grenið 29. mars. Í byrjun maí var húsið sóttthreinsað og úðað með illgresiseyðandi lyfi á gólfið.

Lerki var sáð í enduðum apríl og bakkarnir geymdir á kæli við + 4°C og 98% raka. Bakkarnir voru fluttir í húsið 17. maí. Bleytt í bökkunum 18. maí. Stafafuru var sáð 19. maí og bleytt í 26. maí. Fræið af stafafuru var skráð með 96 % spírun, sáð var einu fræi í gat og kom vel út. Þar með var húsið fullnýtt. Lerki fp-67 og stafafura var flutt út eftir miðjan júlí en eftir varð lerki fp-40 sem var þétt í um haustið og flutt út fyrst í nóvember. Engar plöntur vou í húsinu um áramót.

**Gróðurhús II.** Plöntur voru fluttar út 9. júní. Úðað var frædrepanði lyf á þann helming sem nýttur var. Handsáð og bleytt í birki 16. júní. Bakkar með greni og dögglingsviðartilraun Héraðskóga lagðir út í húsið 21. júní og bleytt, var þá um helmingur hússins nýttur. Um áramót var í húsinu greni, mýralerki, tilraun Héraðskóga, fjallapínur og ýmsar aðrar tegundir.

## Sáning og græðlingastunga 1999

SÁN-TÍMI	TEGUND	KVÆMI	FRÆ-NÚMER	BAKKA-GERÐ	BAKKA-MAGN	ÍSÁÐ GÖT
30 apríl	Rússalerki	Vaglahús	980057	40	1.040	41.600
30 apríl	Rússalerki	Vaglahús	980058	40	315	12.600
30 apríl	Rússalerki	Hausjärvi	990008	40	2.548	101.920
30 apríl	Rússalerki	Hausjärvi	990008	67	3.952	264.784
19 maí	Stafafura	Hazelton	990011	40	3.322	132.880
16 júní	Ilmbjörk	Bæjastaður	940018	67	1.298	86.966
16 júní	Ilmbjörk	Bæjastaður	940018	40	330	13.200
21 júní	Hengibjörk	Törmäki	980029	40	308	12.320
21 júní	Sitkaelri	Soldatna	990003	40	330	13.200
21 júní	Mýralerki	Delta junc.	920009	67	374	25.058
21 júní	Sitkabast.	Seward	990013	40	176	7.040
21 júní	Blágreni	Rio Grande	990015	35	374	13.090
21 júní	Rauðgreni	Hemnes	950007	35	88	3.080
21 júní	Bergfura	St.Guillaume	980030	35	44	1.540
21 júní	Rauðgreni	Leirfjord	980017	24	66	1.584
21 júní	Rauðgreni	Hemnes	950007	24	198	4.752
21 júní	Blágreni	Rio Grande	990015	24	557	13.358
	Lerki	Tilraun		40	199	7.960
	Dögglingsv	Tilraun		40	148	5.920
<b>Samtals:</b>					<b>15.667</b>	<b>762.852</b>

## Græðlingastunga og dreifplöntur í bakka.

	Alaskaösp	Halla		24	156	3.744
	Alaskaösp	Kenai		24	426	10.224
	Gulvíðir	Hallormsst.		40	176	7.040
<b>Samtals:</b>					<b>758</b>	<b>21.008</b>

## Alls sáning og dreifplöntur:

<b>16.425</b>	<b>783.860</b>
---------------	----------------

Tafla 14 Sáning og dreifplöntur 1999

TEGUND	KVÆMI	FJÖLDI PLANT.	TEGUND	KVÆMI	FJÖLDI PLANT.
Gullregn	Múlakot	40	Gráfura	Tar Island	200
Glitgreni	Kosakov	80	Grikklandsfura	Orvilos	40
Japansgreni	Kozyrensk	160	Grikklandsfura	Konista	80
Japansgreni	Hokkaido	80			

Tafla 15 Sáning til trjásafnsplantna 1999

Einnig var sáð til 22 tegunda sem komu frá Arboretum and Botanical Garden, Bergen Noregi.

#### **Haustsáning.**

Ekki var sáð til plantna um haustið.

#### **Vöxtur og þrif.**

Töluverðar skemmdir voru í 1/0 plöntum af greni. Plönturnar voru í góðu ásigkomulagi þegar þær fóru úr húsi í byrjun apríl. Seinna um vorið bar á rôtardauða sem trúlega er vegna frostskemda. Að öðru leyti komu plöntur vel undan vetri. Vöxtur plantna var í meðallagi og gengu þær mjög vel frá sér. Fyrsta næturfrost var í fyrstu viku september.

#### **Skygging.**

Skyggt var rússalerki 1/0 fp-67 frá 3. til 9. ágúst og 2 ára lerki, greni og allur þinur skyggður frá 10. til 21. ágúst.

### 3.2 Afhending skógarplantna

Afhending skógarplantna hófst 25. maí og var að mestu lokið 23. júní. Plöntur voru fluttar af Landgræðslunni, Sr. Selfossi og Sr.Vöglum, Einar Þ. Axelsson og Lárus Heiðarsson tóku að sér flutning á Austurlandi. Flokkun plantna gekk vel, aðeins var um að hnausinn á 1/0 birkinu væri of laus, því varð að losa hann upp í bakkanum. Stafafura fór mjög snemma af stað og var árssprotinn mjög viðkvæmur við afhendingu.



## Afhentar skógarplöntur 1999

Tegund	Kvæmi	Fræ- númer	Fp- gerð	Ald- ur	Magn	Landshl verkefni	Sr. verkef. <sup>1)</sup>	Bænda- skógar <sup>2)</sup>	S.r.	Sala
Alaskaösp	Halla		24	0/1	2.928			2928		
Alaskaösp	Kenai		24	0/1	4.488			4488		
Bergfura	Hanstholm	920003	40	2/0	5.803	200	4.040		1560	3
Ilmbjörk	Haukadalur	940019	40	1/0	21.910	5000	10.080	4880	320	1630
Ilmbjörk	Haukadalur	940019	67	1/0	121.069		121.069			
Ilmbjörk	Mógilsá	940017	67	1/0	255.529		254.524			1005
Blágreni	Rio Grande	960001	40	2/0	22.570	7080	15.200			290
Blágreni	Carson	890003	24	3/0	50				50	
Broddfura	Mörk, Hall.	900021	40	2/0	280				120	160
Fjallaþinur	Arapaho	940007	35	4/0	1.648				1283	365
Fjallaþinur	Arapaho	940007	24	4/0	878				878	
Fjallaþöll	N. reit ,Hall.		40	3/0	40				40	
Gulvíðir	Hallormsst.		40	0/1	18.840		18.840			
Gulvíðir	Hallormsst.	gr. efn.			2.000				2000	
Gljáhlynur	Mörk, Hall.		Pott	1/3	3				3	
Hengibjörk	Törmäki	980029	40	1/0	36.225			6040	30.000	185
Hengibjörk	Törmäki	960002	40	2/0	360				120	240
Hvítgreni	Kenai	950013	40	2/0	8.725	8600				125
Mýralerki	Delta Jun	920002	67	1/0	7.306		5.427		100	1779
Rússalerki	Lassinmaa	930031	40	2/0	6.560				6400	160
Rússalerki	Kostroma	970005	40	2/0	2.920				2920	
Rússalerki	Östteg	920002	67	2/0	4.221				4221	
Rússalerki	Vendenga	950014	40	2/0	6.360				6360	
Rússalerki	Vendenga	950014	67	2/0	5.829				5829	
Rússalerki	Lýsishóll	950069	40	1/0	12.410			3920	5.560	2930
Rússalerki	Atlavík	950079	40	1/0	8.380			6100	1280	1000
Rússalerki	Vaglir		40	1/0	3.730				3.200	530
Rússalerki	Fram-Hólar	950052	40	1/0	1.360				1.360	
Rússalerki	Víðivellir	950084	40	1/0	1.330			120		1210
Rússalerki	Guðrúnarl.	950080	40	1/0	640				640	
Rússalerki	Ljósárkinn	950069	40	1/0	10					10
Rússalerki	Kostroma	980028	67	1/0	81.137		39.999	19899	20435	804
Rauðgreni	Hemnes	950007	40	2/0	10.085	2000			6000	2085
Rauðgreni	Drevja	950002	35	2/0	3.185				3185	
Reyniviður	Hallormsst.		35	1/0	50			15		35
Síberíulerki	Altaifjöll	870018	67	2/0	14.673		14.673			
Síberíulerki	Altaifjöll	870018	67	1/0	63.650		44.153		19.497	
Síberíulerki	Ostskoe	930001	67	1/0	10.050				10.050	
Sitkabast.	Seward	95001	40	2/0	1.797		1.000	12		785
Sitkaelri	Pt. McKenzie	980001	40	1/0	8.920		7.920		800	200
Sitkagreni	Egilsstaðir	762012	40	2/0	15			15		
Sitkagreni	Stálpastaðir	940023	40	2/0	1.520		160			1360
Stafafura	Tutshi Lake	930003	40	2/0	8.320				7960	360
Stafafura	Ethel Lake	980024	40	1/0	53.703		27.960	22960	2000	783
Svartgreni	Carmanvilla	910012	40	2/0	40					40
Lindifura	Mörk, Hall.		40	2/0	160				120	40
Eplatré	Ás, Noregur		Pott		2				2	
					<b>821.709</b>	<b>22.880</b>	<b>565.045</b>	<b>71.377</b>	<b>144.293</b>	<b>18.114</b>

Tafla 16 Afhentar skógarplöntur 1999

### Áætluð afhending skógarplantna 2000

Tegund	Kvæmi	Frænuúmer	Gerð	Aldur	Magn
Alaskaösp	Halla		24	0/1	1.800
Alaskaösp	Kenai		24	0/1	5.100
Rússalerki	Vaglahús	980058	40	1/0	8.500
Rússalerki	Vaglahús	980057	40	1/0	30.200
Rússalerki	Hausjärvi	990008	40	1/0	81.900
Rússalerki	Hausjärvi	990008	67	1/0	198.000
Stafafura	Hazelton	990011	40	1/0	106.300
Ilmbjörk	Bæjarstaðstaðask.	940018	67	1/0	65.200
Ilmbjörk	Bæjarstaðstaðask.	940018	40	1/0	9.900
Hengibjörk	Törmåki	980029	40	1/0	4.000
Sitkaelri	Soldatna	990003	40	1/0	10.500
Mýralerki	Delta Jun.	920009	67	1/0	20.000
Blágreni	Rio Grande	960001	40	2/0	12.300
Sitkabast	Seward	940001	40	2/0	9.300
Rauðgreni	Hemnes	950007	35	2/0	900
Lindifura	Mörk, Hall.	960006	40	3/0	2.700
Bergfura	Hanstholm	970006	40	2/0	1.900
Fjallapínur	Arapaho	980008	35	3/0	2.500
Fjallapínur	Racehorse Cr.	970004	35	3/0	3.400
Fjallapínur	Tutshi Lake	970003	35	3/0	5.700
Rússalerki	Íslensk kvæmi		40	2/0	12.900
Síberíulerki	Ostskoe	930001	67	2/0	1.700
Síberíulerki	Altaifjöll	870018	67	2/0	26.800
Rússalerki	Kostroma	980028	67	2/0	4.900
Reyniviður	Hallormsstaður		35	2/0	980
Valbjörk	Fjellhaug	980021	40	2/0	990
Gljáhlynur	Mörk, Hall.		40	2/0	50
Fjallapöll	Mörk, Hall.		40	4/0	120
Sitkabast	Seward	950011	40	3/0	3.200
Sitkagreni	Egilsstaðir	762012	40	3/0	700
Blágreni	Rio Grande	960001	40	3/0	1.900
Ilmbjörk	Haukadalur	940019	40	2/0	13.200
<b>Samtals:</b>					<b>645.840</b>

Tafla 17 Áætluð afhending skógarplantna 2000

### 3.3 Nýframkvæmdir og viðhald

#### Gróðurhús II.

Smíðuð var ný braut fyrir vökvunarbómu og skipt um loftpylsur.

#### Plan I.

Keypt var ný slanga á vatnsbómu og gamla slangan flutt á plan II.

### 3.4 Ýmislegt í gróðrarstöð

Vatnið var tekið af gróðrarstöðinni í byrjun nóvember og lokuplankar í vatnstíflu teknir úr.

Skipt um stýrispjald í áburðarblandara sem bilaði síðasta haust.

Seldir voru 990 bakkar fp-40 til Tumastaða.

---

## 4. Húseignir

---

### 4.1 Viðhald

#### **Skemma - skrifstofa**

Máluð rafmagnskompa, kaffistofa og vörulager. Málaðar hurðir á klósettum, sturtu, gangi og kaffistofu. Keyptir stólar og borð í kaffistofu. Vörulager málaður og bætt inn hillum. Þakrennur hreinsaðar og grunnaðar, borið á þær þéttiefni bæði þykkt og þunnt. Keyptur var nýr hitakútur og settur upp. Tvær tölvur endurnýjaðar á skrifstofu.

#### **Hallormstaðabær**

Byrjað 12. janúar á endurbótum og viðhaldi í bænum. Allir veggir, loft og gluggar innanhúss málaðir, hurðir þússaðar og lakkaðar. Steypt nýtt gólf í gangi við eldhús. Eyþór Ólafsson smiður lagði innflutt lerkiparkett á eldhús og gang, þússaði og olúbar öll trégólf í húsinu. Sett upp ný eldhúsinnrétting frá Miðás hf. Egilsstöðum. Veggflísar á baðherbergi fjarlægðar og skipt um ónýtar veggplötur, nýr sturtuskápur. Nýr gólfdukur á litla gang. Skipt um tvo ofna, í eldhúsi og baðherbergi. Skipt var um termóstat í viðarkatli. Skógarvörður og fjölskylda flutti í húsið í byrjun júlí.

#### **Markarhús**

Ekkert viðhald þetta árið.

#### **Akurgerði**

Ekkert unnið að viðhaldi þetta árið. Bergrún A. Þorsteinssdóttir flutti í efri íbúð á miðju sumri.

#### **Útihús og vinnusvæði**

Smíðaðar hurðir og hlerar á flettiskýli einnig sett upp sog á útblástur frá söginni. Planið utan við Flettiskýlið stækkað, keyrt burt mold og fleyguð klöpp síðan keyrt mól í undirlag, verkið vann Sigurður Þórarinsson verktaki. Steyptir fjórir klossar til að fergja þurrkstæður ca. 400 kg. að þyngd. Gengið frá jarðstreng úr rafmagnstöflu í Skemmukjallara yfir í Flettiskýli.

---

## 5. Vélar og verkfæri

---

### 5.1 Bifreiðar

Leigður bíll frá Ingvar Helgason h/f í sumar af gerðinni Toyota Double cap. Notkun var aðallega vegna tjaldvörslu.

#### **U - 3357 Benz vörubifreið árg. '71.**

Gert við startara. Túrbína rifin úr og hent þar sem hún var gjörsamlega ónýt. Breytt loftinntaki og minnkað við olúverkið vegna þessa.

#### **DN - 908 Ford Pickup árg. '74.**

Smíðaður nýr sléttur pallur á bifreiðina sá gamli ónýtur úr ryði. Keypt ný sumardekk, útlitsgölluð (röspuð). Skipt fjórum sinnum um hjöruliði og tvisvar um spindillegur. Vatnskassi skemmdist vegna áreksturs við rjúpu, lóðaður saman á ný.

#### **RH - 103 Toyota Hi-lux árg. '92.**

Nýr vatnslás.

## 5.2 Dráttarvélar

### **ID-0394 Deutz**

Skipt um slöngur í vökvastýri. Þrítengi armur brotnaði af og tapaðist. Smíðaður nýr armur.

### **UD-477 Ford 5000**

Útbúinn þyngdarklossi úr steinsteypu og járnri um það bil 600 kíló. Smíðuð ný skófla breiðari en grynri en sú gamla. Vökvastýri lagfært. Hluti af rafkerfi skemmdist, endurnýjað að hluta.

### **UD-366 Massey Ferguson**

Startari bilaði, sennilega ónýtur, fenginn annar að láni. Stjórnstangir fyrir lyftibúnað brotnuðu, gírkassi opnaður, rafsoðið og stillt að nýju.

### **ID-0500 Farmal Cub**

Skipt um kúplingslegu. Sett á vélina ljósabúnaður að kröfu Vinnueftirlits ríkisins.

### **UD-11 Ferguson**

Taka þurfti bensíntankinn úr til að gera við leka. Sett á vélina ljósabúnaður og flauta að kröfu Vinnueftirlits ríkisins.

## 5.3 Önnur tæki

**Flettisög:** Skipt um bremsuband og hæðarstillirofa.

**Viðarspil:** Gert við bilun í stýribúnaði. Endurnýjaðar vökvaslöngur að kúplingum.

**Kurlari:** Skipt um drifskaft, kúplingu, svinghjólslægur og keyptir nýjir hnífar. Varahlutir voru pantaðir frá Danmörku.

**Sláttuvélar:** Keypt ný Stiga Gardena sláttuvél með sæti.

**Arinviðarsagir:** Keypt ný arinviðarsög Hakki Pilke sem er með keðjusverði í stað blaðs, tvöföldum kljúfara og færibandi. Dalen sögin gamla útslitin.

**Sagir:** Keypt ný keðjusög Sthil 026 og kjarrsög Jonsred RS-44.

## 5.4 Vélaverkstæði

Smíður hillurekki. Keypt ný hleðsluborvél.

## 6. Útivistarsvæði

### 6.1 Ferðafólk

Tjaldvörður í sumar var Margrét Sveinsdóttir frá Egilsstöðum og henni til aðstoðar var Karólína Andrésdóttir frá Bessastöðum. Að auki voru starfsmenn SR. með næturvaktir allar helgar frá miðjum júní og fram yfir verslunarmannahelgi. Nokkur salerni voru opnuð 4. júní. Gjaldtaka hófst 14. júní og var hætt 27 ágúst. Um 83% aukning var á fjölda gistinguáttanna á tjaldsvæðinu ef miðað er við árið 1998, júlímánuður er sá stærsti frá upphafi. Þetta er svipaður fjöldi og síðustu fimm ár ef undan er skilið síðasta ár (sjá töflu). Í sumar voru fastar áætlunarferðir í Atlavík með ferjunni "Lagarfljótsormurinn", komið var að landi tvisvar á dag. Aðstandendur ferjunnar sáu sjálfir um bryggjuaðstöðu sem var staðsett neðan við bílplanið við Fljótið.


Fjöldi gistinguáttanna 1995 til 1999.

	1995	1996	1997	1998	1999
Júní	979	694	834	576	1111
Júlí	4303	7628	7207	2849	8469
Ágúst	5951	2960	4542	3186	2520
<b>Alls:</b>	<b>11233</b>	<b>11283</b>	<b>12583</b>	<b>6611</b>	<b>12100</b>

Fjöldi gistinguáttanna 1999

	Ísl.gestir	Erl.gestir
Júní	926	185
Júlí	7986	483
Ágúst	2144	376
<b>Alls:</b>	<b>11056</b>	<b>1044</b>

Tafla 18 Gistinguáttur 1995 til 1999



Tafla 19 Gisting eftir mánuðum 1994 til 1999

### 6.2 Atlavík

Skábraut við hreinlætishús máluð. Afmörkuð fleiri svæði með því að reka niður svera staura sem voru snyrtir og málaðir. Sett þunnt þrifalag af mól á bílastæði við hreinlætishús.

## 7. Önnur verkefni

### 7.1 Fundir, námskeið og erlendar heimsóknir

1. mars	Bergrún á ráðstefnu á Hvolsvelli um plöntuuppeldi.
18. mars	Starfsmannafundur Skógræktar ríkisins haldinn í Reykjavík.
6. ágúst	Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Laugarvatni.
29. sept.	Owe Martinson SLU: Svíþjóð og Jap Putkin Vefsen Landbruksskole.
7. júlí	20 manns frá Royal Scottish Forestry Society.
25. sept.	Trondur Levsson skógræktarstjóri Færeyja í heimsókn.
22. okt.	90 ára afmæli gróðrarstöðvarinnar á Vöglum og vígsla fræhúss.
2. des.	Starfsmannafundur Skógræktar ríkisins haldinn í Reykjavík.
19. ágúst	17 manna hópur frá Norges Trelastskole
20. ágúst	Skógræktarnemar frá Finnska skógræktarháskólanum
21. ágúst	Skógarbændur frá Vestfjörðum og Vesturlandi skoðuðu skóginn.
25. okt.	Finnskir skógtæknifræðinemar frá Ekenes í heimsókn.
9-12 nóv.	Skúli Björnsson með grsjunarnámskeið fyrir Héraðsskóga.

### 7.2 Opnun skógarins

Farið yfir allar merkingar á gönguleiðum, þær lagfærðar og bætt við það sem ónýtt var. Útiborð smíðað hjá Sr. Selfossi var sett upp við á gönguleiðinni við Fálkaklett og á útsýnisstað ofan við Smithers furuna á Atlavíkurstekk. Göngustígur kurlborinn og merktur að Hólatjörn. Stígur var kurlborinn að tjörn utan við Grænabotn.

### 7.3 Trjásafn

Unnið var við nýtt bílastæði við safnið. Bílastæðinu var valinn staður innan við gamla hliðið sem var inngangur í safnið. Vegagerð ríkisins styrkti verkefnið myndarlega. Skipt var um jarðveg, planið er nú tilbúið undir slitlag. Verkið vann Sigurður Þórarinnsson verktaki á Egilsstöðum. Slegið var upp einfaldri girðingu úr greni við umhverfis planið. Smíðaðar göngutröppur af planinu niður á göngustíg. Lítið var unnið í trjásafninu að öðru leyti en við hreinsun og slátt. Gróðursettar pottaplöntur frá Tumastöðum tvö eintök af hverri tegund:

Blæölur	<i>Alnus tenuifolia</i> Nutt	Múlakot
Hæruölur	<i>Alnus hirsuta</i> Turcz	
Knappareynir	<i>Sorbus americana</i> Marsh	
Sveipálmur	<i>Ulmus laevis</i> Pall	Mustila
Blæsparbróðir	<i>Populus tremula</i> x <i>tremoulides</i>	
Steinbjörk	<i>Betula ermanii</i> Cham	Múlakot

Einn af gömlu þinunum í trjásafninu brotnaði, tréð stóð innan og neðan við öspina frá 1951. Einnig skemmdist gamla broddfuran í neðsta reit, líklega af völdum bleytusnjóa.

## 7.4 Tilraunir

### **Fjallapinstitlaun**

Í vor var gróðursett kvæmatilraun af fjallapin, í lerkið utan við Freyshólalæk, neðan Þjóðveggar. Þetta er hluti af samnorrænu tilraunaverkefni um ræktun jólatrjáa. Ennig var gróðursett áburðartilraun í tún á Höfða. Fleiri tilraunaliðir verða lagðir út á næsta ári. Verkefnisstjóri á Íslandi er Övind Melander starfsmaður Mógilsár.

### **Doktorsverkefni**

Ragnhildur Sigurðardóttir hélt áfram útivinnu í skóginum í sumar. Henni til aðstoðar voru tveir Bandaríkjamenn frá vori til hausts í mælingum. Útivinnu er nú lokið.

### **Grisjunartilraun**

Í byrjun vetrar var lögð út grisjunartilraun í lerki í Hafursárlandi reitur 198-1. Tilgangurinn er að fylgjast með vexti lerkis eftir mismunandi grisjunarstyrkleika. Umsjón með tilrauninni er í höndum Lárusar Heiðarssonar skógræktarráðunauts.

### **Afkvæmatilraun lerki**

Pröstur Eysteinnsson lagði út afkvæmapróf í reit 124 á Höfða, úr kynbótastarfseminni á Vöglum. Er þetta fyrsta kvæmatilraun sem er úr þessum efnivið, alls um 42 fjölskyldur. Önnur sambærileg tilraun var gróðursett á Mosfelli í Grímsnesi.

### **Kvæmatilraun sitkagreni**

Gróðursettir 3 bakkar af sitkagreni frá Taraldsøy og 3 bakkar af Tumastaðakvæmi, í brekkuna neðan við tóftir af gamla Höfða bænum.

### **Kvæmatilraun lerki**

Pröstur Eysteinnsson lagði út tilraun með 16 kvæmum á Höfða í reit 124, af R. lerki og S. lerki, öll þau kvæmi sem hafa verið í notkun síðustu árin. Plönturnar voru frá ýmsum gróðrarstöðvum.

### **Klónatilraun Alaskaösp**

Plægt og ræst fram mýri í reit 85 á Höfða á vegum Héraðsskóga. Klónatilraunin verður gróðursett næsta vor.

### **Mælingar:**

Á Höfða var svonefnd Rarik tilraun af birki mæld af starfsfólki frá Mógilsá, einnig mældu þau sitkagrenitilraun á vegum Aðalsteins Sigurgeirssonar á Mógilsá.

Ólafur E. Ólafsson nemi við Skógskólan í Ekenes, Finnlandi gerði úttekt á rauðgrenitilrauninni í Partinum. Þetta var lokaverkefni hans við skólann.

## Ársskýrsla 1999

Þór Þorfinnsson  
Bergrún A. Þorsteinsdóttir  
Skúli Björnsson